

Þáttur af Þorsteini ríka.

Inngangur.

Það er alkunna, að Íslendingar börðust við fátækt, og basl, svo að öldum skipti. Á meðan svo báglega gekk, gat ekki verið um að ræða nokkrar framfarir eða framsókn hjá þjóðinni, þar sem allt vantaði, er til þess þurfti: fjármuni, bjartsýni og áræði til átaka. - Hnignun þjóðarinnar virðist hefjast kringum aldamótin 1600, eða um það bil, sem verzlunareinokuninni var skellt á þjóðina. Og þetta eymdarástand stendur í raun réttu óslitið fram um miðja síðustu öld og sums staðar lengur. Þjóðin var að vísu farin að rumskast lítills háttar fyrir miðja öldina. En afleiðingar Móðuharðindanna, í lok átjándu aldar, urðu svo langvarandi, að þær töfðu stórlega fyrir því, að víðreisnin gæti hafizt. Og þótt þjóðin væri að byrja að rakna úr rotinu fyrir miðja öldina, sat flest í sama farinu, sökum fátæktar, allt fram að síðustu aldamótum.

Hér er ekki ætlunin að rekja hina miklu harmsögu íslenska landbúnaðarins á svartasta tímabili sögu vorrar, heldur skal hér aðeins vakin athygli á merkilegri staðreynd, sem ekki hefur verið gefinn slíkur gaumur sem verðugt væri. A öllum tímum hafa verið til hér á landi nokkrir stórauðugir bændur, sem staðið hafa eins og klettur úr hafi, þegar umhverfis þá á allar hliðar hefur ríkt hin sárasta fátækt og eymd. Oft var það, að auður þeirra óx og margfaldaðist í slíku umhverfi, með þeim undra hraða, að torskiljanlegt er nútímamönnum.

Margir af þessum mönnum voru sjálfir aldir upp við hina sárustu fátækt, en hófu sig síðan upp úr baslinu með fádæma þreki og dugnaði: Og oft var sem þeir væru gæddir einhverjum undramætti, að helzt líktist göldrum einum. Enda var því trúað af alþýðu manna, að þessir gróðamenn væru í svonefndum "skollabuxum". En við þær kannast allir úr þjóðsögunum. - Það var öldungis eðlilegt, að almenningi væri þetta fullkomin ráðgáta, því að enn í dag er flestum þetta óskiljanlegt, nema fyrir hendi sé nokkur þekking á þjóðfélagsháttum þeirra tíma, og dugar þó tæplega til, því með svo skjóttum og undraverðum hætti tókst oft þessum mönnum að safna miklum auði. Einstöku menn beittu að vísu harðýgði og óbilgirni við almenning, er þeir voru að safna auði sínum. En slíkum mönnum gekk sízt betur en hinum, því að þeir urðu fljótt svo óvinsælir, að almenningur forðaðist að skipta við þá, eftir því sem unnt var.

Mjög sjaldan hélzt auður lengi við í ætt. Hitt var algengara, að hann hvarf að mestu með þriðja ættlið. Og margoft kom fyrir, að sá, sem erfði auð eftir föður sinn, hafði engu að skila til sinna afkomenda. Þegar svo gekk, mátti segja, að auðurinn hafi horfið á jafn dularfullan hátt og hann hafði safnazt. Var það trú almennings, að slíkt ætti sér einkum stað, þegar auðurinn var illa fenginn, að hans dómi. Þegar um þetta er rætt, má ekki gleyma því, að stöku sinnum kom það fyrir, að auður gat haldizt í ættum og það í marga ættliði. En furðulega var það fágætt. Verður ekki farið lengra út í þetta í þessum þætti, heldur skal snúið sér að efninu.

Hér verður nokkuð sagt frá einum auðmanni síðustu aldar, sem hófst skyndilega úr hinni mestu fátækt og varð stórauðugur maður á skömmum tíma, án þess þó að séð verði, að hann hafi til þess beitt harðýgði eða fólksubrögðum. Þessi maður var Þorsteinn Bjarnason hinn ríki, er lengst bjó að Bakka á Langanesströnd. Þá verður og lauslega getið barna hans, einkum Bjarna, því að saga hans er hulin nokkurri dularblæju.

Ætt Þorsteins og uppeldi.

Þorsteinn ríki var fæddur að Draflastöðum í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði árið 1795. Foreldrar hans voru þau Bjarni Þorsteinsson, er lengst bjó að Guðrúnarstöðum í sömu sveit, og kona hans Guðrún Jónsdóttir, bónda að Æsustöðum, einnig í sömu sveit, Hallgrímssonar. Þorsteinn faðir Bjarna bjó að Helgastöðum, Æsustöðum og Öxnafellskoti. Talið er, að Bjarni á Guðrúnarstöðum hafi verið bláfátækur, enda áttu þau hjón margt barna, auk Þorsteins. Nokkurra þeirra er getið í heimildum. t. d. má geta þess, að Jón bjó að Draflastöðum, þar sem Þorsteinn ríki fæddist, og átti afkomendur. Ásdís fluttist austur í Þistilfjörð, giftist þar Jóni nokkrum Brynjólfssyni og bjuggu þau að Syðra-Álandi. Hún missti hann eftir stutta sambúð og andaðist sem vinnukona í Þistilfirði. Auk þessara systkina,

sem getið hefur verið, má aðeins nefna Kristján, Helga og Guðrúnu, sem fátt er annars kunnugt um. Kristján fluttist austur í Vopnafjörð, en um ævi hans er annars lítið vitað.

Ekki er annað kunnugt en Þorsteinn hafi alizt upp hjá foreldrum sínum. En þó er líklegt, að hann hafi farið snemma að heiman, þegar aldur og þroski leyfði, til að vinna fyrir sér. En slíkt var hlutskipti flestra fátækra barna á þeim árum. Hann var aðeins tólf ára, þegar styrjöld brauzt út á milli Dana og Englendinga, en sú styrjöld varð orlagarík fyrir Íslendinga. Siglingar lögðust niður að mestu, svo að hér varð óskaplegt neyðarástand. Í heimildum er þess getið til dæmis, að duglegustu vinnumenn buðust í vistir kauplaust. Því er ólíklegt, að unglingspiltar á Þorsteins reki hafi átt sjö dagana sæla á þeim árum. Ekki er nú kunnugt, hvar Þorsteinn dvaldist um þessar mundir, en það er líkleg tilgáta, að hann hafi farið til Akureyrar og dvalizt þar eitthvað. Hugsanlegt er, að hann hafi verið þar á vegum kaupmanna, því að síðar kom fram hjá honum svo furðulegt kaupmannseðli, að vart var einleikið um mann, er enga undirstöðu hefði fengið. En á hitt verður að líta, að kaupmenn, sem engar vörur fengu, höfðu vitanlega litlu úr að spila, svo að þangað hefur lítið verið að sækja fyrir óupplýstan sveitadreng. Á tilgátu þessa skal enginn dómur lagður. En mjög athyglisvert er það, að þegar Þorsteinn kemur næst fram á sjónarsviðið í heimildum, er hann til heimilis að Naustum við Akureyri, en þá er hann tuttugu og tveggja ára að aldri. Þá var stvrvöldinni lokið fyrir þremur árum og siglingar komnar í venjulegt horf. Þá var allmikil verzlun á Akureyri, svo að hugsanlegt er, að hann hafi eitthvað unnið að verslunarstörfum. Og ef svo hefur verið, þá er það gefið mál, að hann hefur nælt eitthvað saman þá þegar, því hann var snemma hygginn, sparsamur og nýttinn. Það, sem styður þá skoðun, að hann hafi um þessar mundir nurlað saman nokkrum spesíum, er einkum sú staðreynd, að hann fór að búa, þótt ungur væri, þegar hann fór frá Naustum.

Búskapur og hrakningur.

Þegar Þorsteinn var 22 ára, er svo að sjá sem hann hafi byrjað búskap sinn, og tók hann ekkert smákot til ábúðar, en það var stórbýlið Svalbarð á Svalbarðsströnd. Tók hann sér unga bústýru, sem átti tvö ung börn. Fór hann þarna sínar eigin leiðir sem oftast, því að á þessum árum og lengi síðar, þótti það velgjörningur að taka stúlku í vist kauplaust með eitt barn. Hvað Þorsteinn bjó þarna lengi, er nú ekki fullkunnugt. En það mun hafa verið stutt, því að vitað er, að hann bjó einnig að Veisu í Fnjóskadal og jafnvel á Víðivöllum eitthvað, en alls staðar stutt, svo að segja má með sannri, að hann hafi verið á hrakningi þessi ár. Um efnahag hans er ekki kunnugt um þessar mundir, en trúa mætti því, að hann hafi þá verið orðinn bjargálma. Hins vegar mun hann hafa séð, að við svo búíð mátti ekki standa, ef hann ætti að komast í góð efni, en það hefur áreiðanlega verið takmark hans. Þess vegna tók hann það til ráða, að flytjast búferlum alla leið austur í Vopnafjörð. Kunnugt er, að hann bjó þar að Felli í tvö ár og eitt ár var hann í Haga. Samkvæmt þessu hefur hann flutzt austur árið 1822.

Allt þetta tímabil, frá því að hann hóf búskapinn árið 1817 og til vors 1825, bjó Þorsteinn með bústýrum, og kann það að þykja einkennilegt, því að aldrei hefur þótt gróðavænlegt að hafa aðkeypta fyrirvinnu við búskapinn. En Þorsteinn fór sínar eigin götur í þessu efni sem á öðrum sviðum. Allar bústýrur hans höfðu orðið fyrir því óláni að eignast börn í lausaleik og hafa því sennilega staðið illa að vígi í lífsbaráttunni. Þær hafa því vafalaust tekið því með þökkum að fá að vera hjá Þorsteini kauplaust og vinna þannig fyrir börnunum. Slíkum stúlkum stóðu sjaldan til boða nokkrar úrvalsvistir. En ekki er annað kunnugt en hann hafi reynzt þessum stúlkum vel, nema hvað þeim hefur áreiðanlega fallið illa að þurfa að fara frá honum, en hann var öðru hvoru að skipta um bústýru. Gæti maður jafnvel hugsað sér, að sumar þeirra hafi látið sig dreyma um, að eiga hjá honum framtíðarheimili. En hafi svo verið, hefur sá draumur ekki rætt. - Annars liggja ekki fyrir greinilegar heimildir um búskap Þorsteins á þessum árum, svo að ekki er unnt að gera úr garði glögga lýsingu af honum, er fróðleik hefði að geyma. Það eitt er aðeins kunnugt, að þegar hann hafði búíð í þrjú ár í Vopnafirði, verða þáttaskil í búskap hans og ævisögu.

Þorsteinn kvongast og býr á Álandi.

Um þessar mundir bjó á Ytra-Álandi í Þistilfirði, Sigurður bóndi Magnússon, talinn góðum efnum búinn. Dóttur átti hann þá, er Gunnhildur hét, fædd 1802, og þótti hún myndarstúlka, hæglát og kurteis. Um sama leyti bjuggu á Syðra-Álandi Jón Brynjólfsson, sem áður er nefndur, og Ásdís systir Þorsteins. Þegar Þorsteinn bjó í Haga veturinn 1824-1825, brá hann sér norður í Þistilfjörð til að finna

þau Syðra-Álandshjónin, en kom þó við á Ytra-Álandi um leið og kynntist þá heimasætunni þar. Leizt honum svo vel á Gunnhildi, að hann bað hennar í þessari ferð, og er ekki að sjá, að það hafi mætt nokkurri móttöðu, hvorki frá hennar hendi né foreldranna. Þorsteinn virðist hafa verið skjótur að taka ákvörðunina í þessu máli, og getur ástæðan verið sú, að hún stóð til að erfa nokkur efni. En hitt gat líka verið ástæðan, að með þessu gat hann tryggt sér öruggt jarðnæði, sem hann hafði mjög skort hingað til.

Er nú skemmst af þessu að segja, að vorið 1825, þegar hann stóð rétt á þrítugu, fluttist hann frá Haga í Vopnafirði einn síns liðs og fór að búa á Ytra-Álandi. Og um haustið hinn 19. september kvæntist hann Gunnhildi. - Svo er að sjá sem hann hafi fengið til ábúðar hálfa jörðina fyrst í stað, og hefur hann þá búið á móti tengdaföður sínum. En brátt fékk hann alla jörðina og bjó þar mjög góðu búi í tólf ár. Og þar fæddust börn þeirra flest.

Ytra-Áland er stór og mikil fjárjörð með tryggri fjörubeit, en engjar eru þar sáralitlar. Því lifir sauðfé þar mest á útigangi, og blessast það vel í góðum árum. En svo vildi einmitt vel til, að á meðan Þorsteinn bjó á Ytra-Álandi var yfirleitt mjög gott árferði og raunar beztu kaflinn á öldinni sem leið. Það má því staðhæfa, að hann hefur ekki orðið fyrir teljandi afföllum á fé sínu, sem annars var þó algengast í þessari sveit. En sá bóndi, sem hefur margt fé og verður ekki fyrir afföllum á því, hefur örugglega mikinn gróða af búi sínu í Þistilfirði. - Annars er Ytra-Áland engin hlunnindajörð, nema hvað þar er mikill og góður trjáreki. Rekaviðurinn var notaður í öll hús, smá og stór, svo og til eldneysis. Einnig er hugsanlegt, að Þorsteinn hafi selt eitthvað af trjávið og það verið til búdrýginga. Í rauninni var nægur markaður fyrir trjávið á þeim tímum, en hið eina, sem í vegi stóð, var það, að kaupgeta flestra, er nota þurftu viðinn, var ærið takmörkuð. Slík viðskipti gátu helzt átt sér stað, ef hægt var að koma við einhverjum vöruskiptum, og þar var Þorsteinn allra manna líklegastur til að koma ár sinni vel fyrir borð. Annars fara engar sögur af honum og búskap hans á þessum árum, og er það eðlilegt, þar sem langt er um liðið og við engar skráðar heimildir að styðjast.

Til er ein munnmælasaga, er getur Þorsteins lítils háttar, og á hún að hafa gerzt á þessum árum. Hún er á þessa leið: Fátækur bóndi, er bjó á afskekktum bæ í Þistilfirði, átti son, sem var mikill vexti en fákænn að vitsmunum. Sumir segja, að hann hafi orðið fyrir því áfalli á unga aldri að lenda í snjóflóði, en bjargast nauðulega og verið vankaður síðan. En er hann var fullvaxinn, var hann einhverju sinni sendur að heiman að vetrarlagi í ljótu útliti og vondri færð. Brast þá á hann blindbylur, svo að hann varð úti. Segir sagan, að lítið hafi verið að honum leitað, og má það satt vera, því að ótíð var hin versta og mannskaðinn ekki mikill. En hvort leitað var mikið eða lítið, er sagt, að líkið hafi fundizt gaddfreðið nálægt miðri sveit og verið flutt heim að Ytra-Álandi til Þorsteins. Faðir piltisins gerði honum þá orð og bað hann að koma líkinu í jörðina og kosta sem minnstu til. Þorsteinn gerði bón mannsins, en smíðaði enga kistu um líkið, heldur gróf það í Svalbarðskirkjugarði í öllum fötum. Þótti ekki taka því að þíða klæðin utan af líkinu og kistuleggja það, enda mun þessi aðferð ekki hafa verið með öllu óþekkt, þá er lítilssigldar persónur áttu í hlut. Hvort saga þessi hefur við nokkur að styðjast, skal ekki fullyrt, en líkindi eru til þess að hún hafi ekki gerzt í tíð Þorsteins, er hann bjó á Álandi, nema þá því aðeins, að presturinn hafi vanrækt að færa lát mannsins inn í kirkjubókina, því að samkvæmt henni verður enginn maður úti í sókninni á þeim árum (1825-1837). En slík vanræksla átti sér oft stað, svo að þetta sannar ekkert hvorki til né frá um það, hvort atburðurinn hefur í rauninni átt sér stað. Hins vegar er það staðreynd, að líkið fannst í kirkjugarðinum, svo um búið sem fyrir er lýst, en það bar við haustið 1881, er verið var að taka þar grafir fyrir lík nokkurra norskra sjómanna frá Mandal, er drukknuðu af skipinu Braa, þá er það fórst hinn 14. október þetta haust. Þá var það sem fyrrgreind saga komst á loft, en engar öruggar heimildir skýra þetta eða upplýsa á neinn hátt. Því fer víðs fjarri, að nokkurt orð færi af nirfilshætti Þorsteins, enda allt sem styður það, að hann hafi ekki verið þannig gerður. Þannig má benda á, hvað honum fórst vel við foreldra sína, er þau voru orðin gömul og slitin og algjörir öreigar. Hann tók þau bæði til sín strax á fyrstu búskaparárum sínum á Álandi, og þar andaðist faðir hans haustið 1833, þrotinn að heilsu. En móðir hans lifði tíu árum lengur og andaðist ekki fyrir en árið 1843, þá fjörgömul.

Á Ytra-Álandi hefur Þorsteinn sennilega komizt fyrst í kynni við útlend fiskiskip, og fengið fyllstu sönnur fyrir því, hversu arðvænlegt það var, að skipta við þau. Er þarna í rauninni fundinn lykillinn að því leyndarmáli, hvornig hinn mikli gróði hans var tilkominn. Um viðskipti landsmanna við útlendu fiskiskipin áður fyrr, væri margt hægt að ræða, og það væri að sjálfsögðu efni í heila bók. En

Í þessum stutta þætti verður slíku stórmáli vitanlega engin skil gerð. En á það skal aðeins bent, að þessi viðskipti munu beinlínis hafa haldið lífinu í fólkinu á norðausturhorni landsins í margar aldir, en einkum þó á siglingaleysisárunum, en þau voru mörg sem kunnugt er. Þessi viðskipti fóru fram fyrst og fremst á útnesjunum og öðrum afskekktum stöðum. Inni við fjarðarbotn í Þistilfirði var ekki eins gott tækifæri til slíkra viðskipta sem víða annars staðar. Einkum var það annálað, hvað Langanesið og Bakkafjörðurinn voru "vel í sveit sett" í þessu efni, enda höfðu þeir, er þar bjuggu, óhemju mikil viðskipti við hin útlendu fiskiskip og góðan hagnað. Þetta hefur Þorsteinn séð glögg og það alveg vafalaust átt mestan þátt í því, að hann fluttist frá eignarjörð sinni, eftir að hann hafði keypt stórbýlið Bakka á Langanesströnd, en þangað fluttist hann vorið 1837. Það er þó fjarri því að ætla, að hann hafi haft lítið viðskipti við útlendinga á meðan hann bjó á Álandi, því að oft komu skipin þar upp undir landsteinna. Því er alls ekki ólíklegt, að hann hafi grætt þarna drjúgan skilding á þessum viðskiptum. En hitt er líka jafnvíst, að hann hefur séð, að betri og auðveldari voru tækifærin austurfrá, og því talið rétt að flytja sig á þann vettvang, þar sem gróðamöguleikarnir voru auðveldastir. Slíkt tækifæri kom ekki til mála að láta ónotað, ef nokkrir kostir voru fyrir hendi. Og nú kom hið gullna tækifæri, og það gekk honum ekki úr greipum, sem brátt verður lýst. En rétt er að taka það fram, að Þorsteinn var orðinn auðgur maður, er hann fluttist frá Álandi, þótt sá auður væri aðeins svipur hjá sjón, miðað við það, er síðar varð.

Þorsteinn flyst að Bakka.

Sem fyrr er sagt, keypti Þorsteinn jörðina Bakka í Skeggjastaðahreppi og fluttist þangað búferlum vorið 1837 með allt sitt skyldulið og bjó þar til dauðadags. Virðist hann hafa keypt alla jörðina þá þegar. En á þessari stóru jörð hefur lengst af verið tvíbýli og stundum margbýli og sjaldan verið einn og sami eigandi að allri jörðinni. Og sannast sagna finn ég þess engin dæmi, að þessi jörð hafi komizt í eins manns hendur nema í þetta eina skipti, er Þorsteinn keypti hana. Eigi hefur tekizt að finna, hver eða hverjir voru eigendur að Bakka, er hann keypti jörðina. En síðustu ábúendurnir hétu Sveinn Jónsson, talinn 39 ára, með sex manns í heimili, og Jón Jónsson, talinn 41 árs, með s.jö manns í heimili. Er líklegt, að þeir hafi verið bræður, þótt ekkert verði um það fullyrt, með því að ókunnugt er um uppruna þeirra. Nokkurn veginn er víst, að efnamenn hafa þeir eigi verið, þar sem þeir hafa sama og ekkert af vinnandi fólki. Er því sennilegast, að þeir hafi verið leiguliðar. en þó er hugsanlegt, að þeir hafi haft eignarhald á jörðinni og orðið að selja sökum erfiðra kringumstæðna. Hún var að fornu mati 12 hundruð en 30 hundruð eftir mati, er sett var um miðja öldina. Það var enginn kotungsbragur á Þorsteini, er hann fluttist að Bakka. Fjölskyldan var þau hjónin, móðir bónda og synir þeirra h.jóna: Þorsteinn, Bjarni, Magnús og Sigurður, og auk þess nokkuð af vinnufólki. Önnur börn þeirra : Guðný, Guðrún og Ólafur dóu ung, en Þorbjörg dóttir þeirra fæddist ekki fyrr en austur á Bakka.

Um búskap Þorsteins á þessum árum er ýmislegt kunnugt. Bakki er fyrst og fremst landjörð góð, og þar er hægt að hafa fjölda fjár. Þá er hún og ágæt sjávarjörð og vel í sveit sett. Útræði var þar löngum til forna og sjósókn var einnig stunduð þar Á þessum árum voru að vísu til enn mannfleiri heimili, en mjög óvíða var svona margt af vinnandi fólki hjá einum bónda, en það er vitanlega hið vinnandi fólk, sem skapar framleiðsluna og færir bóndanum auð í bú. Þetta hefur Þorsteini verið ljóst eins og annað, er að auðsöfnun laut.

Þótt Þorsteinn ræki mikinn búskap, bæði til sjós og lands, og hafi haft góðar tekjur af honum, voru það þó viðskiptin við hin útlendu fiskiskip, einkum frönsk, sem færðu honum mestan gróða í hendur, og það slíkan gróða, að með einsdæmum má telja. Ekki má skilja þetta svo, að hann hafi verið sá eini, sem þetta brallaði, því að þessi viðskipti höfðu átt sér stað frá ómunatíð, fyrst við þýzka fiskimenn og síðar við enska og hollenzka, en síðast við hina frönsku, er fiskuðu hér á "duggum" sínum. En hér reyndist það svo sem oftar, að bændur voru misjafnlega slyngir að koma ár sinni fyrir borð og hagnýta sér þennan gróðaveg. Þótt margur hagnaðist vel á þessum viðskiptum, eru ekki kunnar áreiðanlegar sögur af nokkrum einasta bónda, sem var jafnslyngur Þorsteini í þessum eignum. Það var ekki fyrr en Þórarinn stjúpsonur hans kom til sögunnar, sem öll fyrri met voru slegin í þessari íþrótt. Ekki hafði Þorsteinn lengi búið á Bakka, er hann byrjaði að kaupa jarðir. Síðan keypti hann hverja jörðina eftir aðra og greiddi jafnan út í hönd. Og þetta voru engin smákot eða rytjujarðir, heldur er því líkast sem hann hafi næstum getað valið úr mörgum hinna beztu jarða í sinni sveit og nálægum sveitum. Bárust þá með hvalsöguhraða um langa vegu sögur af ríkidæmi hans, og þá var það sem

hann fékk viðurnefni sitt og var ávallt nefndur eftir það Þorsteinn ríki. Ætla mátti, að þær sögur hafi verið eitthvað ýktar, eins og algengast var, þegar fólkinu þótti einhver mergur í sögunum. En hið sanna í málinu er það, að gróðinn var tekinn með slíkum risaskrefum, að almenningi var það gjörsamlega óskiljanlegt, svo að ýkjur komu varla til greina. Hugarflug og hugmyndasköpun alþýðu var í þá daga ekki meiri en það, að eigi varð komizt fram úr veruleikanum, þegar um gróða Þorsteins ríka var að ræða.

Gunnhildur andast en auðurinn vex.

Árið 1841 varð Þorsteinn fyrir þeirri sorg að missa konu sína. Hún andaðist um haustið (23. okt.), var þá aðeins 39 ára gömul og hafði eignast átta börn með manni sínum. Ekki er annað kunnugt en hjónaband þeirra hafi verið farsælt. Sagt er, að hún hafi verið fríðleikskona og einnig búkona dágóð, en ekki verið að sama skapi gáfuð. Þó verður ekki betur séð en greind hennar hafi verið í meðallagi, því að hún var manni sínum mjög samhent við búskapinn. Hins vegar hefur hún auðsjáanlega verið minna áberandi á heimilinu, þar sem hún stóð við hlið manns síns, er hafði bæði hagnýtar og farsælar gáfur.

Þau Þorsteinn og Gunnhildur eignuðust alls átta börn. Þrjú þeirra dóu ung, sem fyrr er sagt, en fimm náðu fullorðinsaldri og voru þau þessi:

1. Þorsteinn, f. 25. sept. 1828. Hann kvæntist rúmlega tvítugur (6. júlí 1849) Matthildi Þorsteinsdóttur, bónda á Heiði á Langanesi, Talið er, að faðir hennar hafi verið ættaður frá Hafrafellstungu í Öxarfirði. Þorsteinn fékk stórbýlið Miðfjörð á Langanesströnd í arf, og bjó þar allan sinn búskap. Hann andaðist aðeins 46 ára að aldri (3. okt. 1874) og voru þá, börn þeirra hjóna orðin 13 að tölu. Nokkur þeirra dóu ung, en sum fóru uppkomin til Vesturheims. Hér heima flendust að minnsta kosti fimm af dætrum þeirra, og er nú út af þeim kominn fjöldi afkomenda. Hólmfríður giftist Halldóri Sigurðssyni á Kálfaströnd við Mývatn, og urðu þau kynsæl. Þorbjörg Salín giftist Valdimar Magnússyni á Bakka, og áttu þau mörg börn. Og Elín Sigríður giftist Stefáni Björnssyni, föðurbróður Steingríms Steinþórssonar, forsætisráðherra og er hún enn á lífi þegar þetta er skrifað. Hún er nú orðin 87 ára, er við beztu heilsu og býr hjá dóttur sinni í Reykjavík. Verður hér eigi meira sagt frá afkomendum Þorsteins og Matthildar. - Eftir lát manns síns giftist Matthildur í annað sinn og gekk að eiga Gísla nokkurn Þorsteinsson frá Hallgilsstöðum á Langanesi. Var hann ekkjumaður og átti níu börn, er hann gekk að eiga Matthildi, svo að samtals hafa börn þeirra verið 22 að tölu og náði meiri hluti af þeim fullorðinsaldri. Hjónaband þeirra Gísla og Matthildar varð ófarsællt í meira lagi og endaði með því, að hann fluttist til Vesturheims með börnum sínum. Gísli var 56 ára, en Matthildur 52 ára, er þau gengu í hjónaband, hinn 4. okt. 1881.

2. Bjarni, f. 20. nóv. 1830, dáinn 1876. Var snikkari, borgari og hreppstjóri á Raufarhöfn.

3. Magnús, f. 21. des. 1831. Hann erfði jarðirnar Fell og Þorvaldsstaði á Langanesströnd og líklega, einnig Sóleyjavelli (Urðarsel), sem stendur stutt frá Felli. Hann kvæntist rúmlega tvítugur (eins og Þorsteinn bróðir hans) og gekk að eiga Guðrúnu, dóttur Jóns Illugasonar, hreppstjóra á Djúpalæk, sem þótti mesti heiðursmaður og höfðingi. Bjó fyrst að Felli og síðar á Þorvaldsstöðum. Þau hjón eignuðust sex börn, að talið er. Árið 1879 fluttust þau hjón til Vesturheims með börn sín flest eða öll, og þótti öllum, er til þekktu, stórfurðuleg sú ráðabreytni, þar sem þau voru í góðum eignum. Magnús hafði erfð miklar eignir eftir foreldra sína, og svo er ólíklegt, að hann hafi ekki eitthvað fengið með konu sinni. Eigi skal þó fullyrt, að tengdafaðir hans hafi verið nokkur auðmaður, en í sæmilegum eignum hlýtur hann að hafa verið, þar sem hann komst til mannvirðinga og var mikils metinn, því að á þeim árum komust snauðir menn yfirleitt ekki í nokkur virðingarsæti eða embætti. Magnús andaðist vestra árið 1904.

4. Sigurður, f. 2. nóv. 1833. Hann var snemma gefinn fyrir sjómennsku, og telja sumir, að hann muni hafa lært eitthvað í sjómannafræði. Er vel hugsanlegt, að faðir hans hafi sent hann til Frakklands með einhverjum vina sinna, því að hann var í miklu vinfengi við ýmsa franska skipstjóra, er fiskuðu hér við land. Sigurður fékk sinn arfahluta greiddan út í peningum, keypti síðan fiskiskip eitt mikið (þilskip) og gerði það út frá Raufarhöfn, eftir að Bjarni bróðir hans var orðinn hreppstjóri þar. En útgerð þessi varð endaslepp, því að skipið fórst með rá og reiða og öllum mönnum í júnímánuði árið 1859. Ekki er annað vitað en Sigurður hafi verið skipstjóri á skútu sinni, en í prestþjónustubókinni

sem þessi sorglegi atburður er skráður, er hann nefndur lausamaður. Hann var ókvæntur og barnlaus, er hann fórst.

5. Þorbjörg, f. 21. júní 1840. Hún giftist tvítug að aldri (19. júlí 1860) Metúsalem Magnússyni, jarðyrkjumanni (f. 5. des. 1832), og bjó hann tíu ár að Bakka. En vorið 1870 fluttist hann að Helluvaði í Mývatnssveit, síðar að Arnarvatni og bjó þar til dauðadags. Þorbjörg andaðist 25 ára að aldri. Dóttir þeirra Þorbjargar og Metúsalems var Sigríður, móðir Theódórs Línalds, hæstaréttarlögmanns, sem mun vera líkastur Þorsteini ríka langafa sínum af öllum núlifandi afkomendum hans. Metúsalem á Arnarvatni var talinn gáfaður maður og mikilhæfur. En það orð lék á, að hann hafi ekki verið fjármálamaður að sama skapi. Sagt er, að einhver háðflugl í Mývatnssveit hafi gert eftirfarandi vísu í orðastað hans:

Ég hefi fargað jörðum fimm
og étið þær út í friði.
Oft eru búmanns örlög dimm
frá almennu sjónarmiði.

Sneið sú, er höfundur vísunnar réttir þarna að þessum mæta manni, er byggð á þeim orðrómi, að hann hafi fengið fimm jarðir eða jarðarparta með konu sinni, en orðið að selja vegna skulda. Þetta er sennilega hvort tveggja orðum aukið. Hann fékk að vísu eitthvað af jörðum með konunni. En hafi hann orðið að selja nokkuð af þeim, þá hefur hann gert það vegna þess, að hann stóð í ýmsum framkvæmdum og bætti jörð sína stórum. Er það nokkuð annað að selja jörð í þeim tilgangi en "éta" hana út", eins og margur hefur orðið að gera í neyð.

Aðrir segja söguna þannig: "Vísan hér að framan er eftir Jón skáld Hinriksson á Helluvaði. En Jón skáld Þorsteinsson, á Arnarvatni, sem sumir telja að verið hafi á sínum tíma eitt mesta háð-skáld á Íslandi, tók upp þykkjuna fyrir Metúsalem tengdaföður sinn, (átti Halldóru dóttur hans af síðara hjónabandi). Var talið, að Jón hefði hjálpað Metúsalem til að eyða jarðeignunum, en friður þótti ekki einkenna heimilislíf á Arnarvatni í þá daga. Jón svaraði í orðastað sambýlismanns síns, Sigurðar Magnússonar. Dætur hans, þrjár af fimm, voru giftar sonum Jóns Hinrikssonar, en Sigurður var lagðaður um leið, því að víst fór því fjarri, að hann væri faðir allra dætra sinna." En vísan Jóns Þorsteinsanar er þannig:

Gifting minna dætra dimm
dreifir sálarfriði.
Allar saman á ég fimm
frá eigin sjónarmiði.

Á þessum tíma var mikil tízka í Suður-Þingeyjarsýslu, að yrkja svokallaðar "sjónarmiðsvísur". Þar sem hér að framan er vikið að því, að samkomulagið á milli búanna á Arnarvatni hafi ekki verið sem bezt á þessum árum, þá rifjast upp fyrir söguritaranum, að hann heyrði í æsku eftirfarandi sögu, en hún barst norður í Öxarfjörð um svipað leyti og Metúsalem andaðist (1905) : Ær ein, sem annar bóndinn á Arnarvatni átti, sótti mjög í tún hins bóndans. Var reynt að afstýra þessu en það bar engan árangur, því ærin hélt uppteknum hætti. Þá tók sig til kona þess bóndans, sem túnið átti, og setti ána ásamt lambinu inn í hús eitt á túninu og lokaði vandlega. En svo átakanlega vildi til, að hún gleymdi að opna húsið aftur, svo að ærin svalt þar í hel, en lambið var aðeins með lífsmarki, er það fannst. Ótal sögur bárust víðsvegar um sambýlið á Arnarvatni á þessum árum. Þær sýna það eitt, hvað ófriður milli þeirra, er búa í tvíbýli eða fleirbýli, er háskalegur. En hins er hvergi getið, að í rauninni var þetta allt mesta ágætis fólk, sem ekki vildi vamm sitt vita í neinu, þótt skapið og heiftin hafi stundum leitt það lengra afvega en góðu hófi gengdi.

Allt virðist benda til þess, að fljótlega eftir að Þorsteinn ríki missti konu sína, hafi hann ákveðið að kvænast í annað sinn við fyrsta tækifæri. Sem mikill fjármálamaður hefur hann séð, að þá var ekki hyggilegt að sitja í óskiptu búi, svo að hann ákveður að láta fullkomin skipti fara fram og greiða börnunum út móðurarf þeirra, áður en hann kæmi með nýja konu á heimilið. Hér var um engar smáræðis eignir að ræða, því að talið er, að hann hafi gefið upp til skipta 4182 ríkisdali og hefur líklega meiri hluti eigna þessara verið í jörðum. Til skipta komu með vissu þessar jarðir: Ytra-Áland í Þistilfirði með afbýlum. Er þessarar jarðar áður getið. Hálf jörðin Hvammur í Þistilfirði. Hefur ávallt

þótt mjög góð jörð. Stundum verið þar tvíbýli. Syðri-Brekkur og Læknisstaðir á Langanesi, sem báðar eru taldar góðar jarðir. Þá koma jarðirnar á Langanesströnd: Fell, sem er landmikil og góð jörð, Sóleyjavellir, svo og stórbýlin Miðfjörður og Bakki með öllum afbýlum.

Fyrir utan allar þessar jarðir, er kunnugt, að hann eignaðist margar fleiri, svo sem Sunnudal og Ljósstaði í Vopnafirði og Jódísarstaði (í Skriðuhverfi?). En hvort hann eignaðist þessar jarðir og fleiri, fyrir en eftir að skiptin fóru fram, er ekki fullkunnugt. Hvernig jarðir þessar skiptust á milli barnanna, er ekki alveg vitað með vissu. En eins og áður segir, fékk Þorsteinn yngri stórbýlið Miðfjörð, þar sem oft hafa búið fimm og sex ábúendur, síðan þetta gerðist. Magnús fékk Fell og Sóleyjavelli (Urðarsel), en síðar eignaðist hann Þorvaldsstaði, annaðhvort í skiptum fyrir hinar eða hann fékk hana síðar í arf eftir föður sinn, sem er mun líklegur. Þá er og kunnugt, að Bjarni og Þorbjörg fengu margar jarðir og jarðarparta í arf eftir móður sína og síðar eftir föður sinn. Um móðurarf Sigurðar er áður getið.

Þegar Þorsteinn hafði þannig gengið frá þessum arfamálum, svo sem bezt mátti verða, hefur hann áreiðanlega farið að hyggja í kringum sig eftir konuefni. Ætla mátti, að hugur hans hefði helzt stefnt til þess að kvongast myndarlegri heimasætu, þar sem hann var enn ekki nema 46-7 ára að aldri. En svo virðist sem þar eystra hafi ekki verið um margar slíkar stúlkur að ræða, er hann taldi sér samboðnar, því að þess er ekki getið, að hann hafi nokkuð leitað fyrir sér á þeim slóðum. Hitt gæti líka verið, að hann hafi lagt höfuð áherzluna á það, að stúlkan væri vel auðug, en minna látið sig skipta aldurinn, því að "hvað elskar sér líkt," segir málshátturinn. En hvernig sem þessu hefur nú verið háttað, virðist svo sem hugur hans hafi hvergi staðnæmzt fyrir en vestur á Melrakkasléttu, því að þar bjó ekkja nokkur allvel efnum búin, er hét Hólmfríður og var þrem árum yngri en hann. Hún átti að minnsta kosti ábýlisjörð sína Oddsstaði og allgott bú og sennilega eitthvað af jörðum eða jarðarhlutum. Hvort hann hefur skrifað henni strax um veturinn, eftir að hann missti konu sína, er ekki vitað, en undarlega greiðlega gekk honum bónorðsförin vorið eftir, og einna líkast því sem hún hafi vitað þetta fyrir og haft allt undirbúið, svo sem síðar verður frá sagt.

Þorsteinn ríki biður Hólmfríðar.

Það bar við dag nokkurn vorið 1842, að höfðinglegur maður reið í hlað á Oddsstöðum og var með fylgdarmann og marga hesta. Brátt varð það ljóst, að hér var kominn Þorsteinn hinn ríki á Bakka á Strönd. Hafði hann stuttan formála fyrir erindi sínu, því að hann hóf bónorð sitt til Hólmfríðar án allra umsvifa. Hún var þá heldur ekki að draga hann á svarinu, því að það var ekki á hverjum degi, sem einn af auðugustu mönnum landsins barði hér að dyr um í slíkum erindagjörðum. Það bendir allt til þess, að mál þetta hafi verið eitthvað undirbúið áður, því að svo greiðlega gengu þessir samningar, að næstum furðu sætir.

Þegar Mera-Gvendur fékk vitneskju um, hvernig þessum málum væri komið, lagði hann á hesta sína í skyndi, reið á burt og kom aldrei framar. Það er lítið kunnugt, hvað hann hafðist að næstu níttján árin. Sennilega hefur hann stundað hrossaprang og ef til vill verið heima hjá sér þess á milli. En þegar hann var kominn nokkuð á sextugs aldur, sneri hann skyndilega við blaðinu og valdi sér það starf, sem öllum, er til þekktu, mun sízt hafa komið til hugar, að væri honum við hæfi, og þótti þetta vera með hinum mestu ólíkindum. Hann gerðist nefnilega prestur, fékk veitingu fyrir Staðarhrauni og vígðist þangað hinn 9. júní árið 1861. Ári síðar fékk hann Breiðavíkurþing og var þar í sex ár. Þá fékk hann Nesþing árið 1868 og var þar prestur til æviloka. Hann bjó að Þæfusteini, en var síðast í húsmennsku að Inggjaldshóli, og þar andaðist hann hinn 25. janúar 1815. Hann kvæntist á sjötugsaldri en átti ekkert barn með konu sinni. Einn son átti hann, áður en hann kvæntist. Hann hét Bjarni og er talið, að hann hafi farið til Vesturheims.

Nú skal snúið aftur að efninu, þar sem frá var horfið. Það, sem einkenndi Þorstein ríka flestum mönnum fremur, var það, hvað allar hans áætlanir voru glöggar og þaulhugsaðar, en framkvæmdir skjótar og hnitmiðaðar. Hér kom nú þessi hæfileiki hans í góðar þarfir. Jörðina Oddsstaði þurfti að byggja í skjótri svipan góðum bónda, búfé þurfti að selja eða leigja. Eitthvað af gripum var farið með alla leið austur að Bakka, og mikið af búslóð var flutt á hestum þessa löngu leið. Og svo má ekki gleyma sjálfri konunni. Eigi er nú kunnugt, hvort hann fór með hana austur með sér í þessari sömu ferð eða hann sótti hana á slættinum. Verður síðari tilgátan að teljast líklegri, ef sú munnmælasaga er sönn, að Hólmfríður hafi ekki viljað skilja við hið mikla æðarvarp á Oddsstöðum, fyrir en henni hafði tekizt að hirða þar hvern dúnhnoðra, er til féllst þetta vorið. Og víst er um það, að þau byggðu jörðina með því

skilyrði, að þeim yrði afhentur árlega mestur hluti alls þess dúns, er æðarvarpið gæfi af sér. Oddsstaðir þótti þá með afbrigðum góð varpjuörð, en æðarvarp var talið með langbeztu hlunnindum jarða í þá daga.

Þegar Hólmfríður kom austur að Bakka, þá aðeins rúmlega 43 ára að aldri, tók hún þegar við öllum búsföráðum. Bæði börnin hennar, er heima voru, fluttust austur með henni, og var þá Margrét orðin 22 ára að aldri og gjafvaxta mey, en Þórarinn var tæpra tólf ára. Þegar lokið var slætti um sumarið, var farið að undirbúa brúðkaupsveizluna, en hún fór síðan fram með mikilli viðhöfn að þeirra tíðar hætti hinn 29. september um haustið. Var þar hinn mesti fjöldi boðsgesta og þar á meðal allir helztu mannvirðingamenn og höfðingjar í nálægum sveitum. Þar voru veitingar rausnarlegar og ræðuhöld mikil. Fór veizlan fram með miklum virðuleik og var lengi í minnum höfð.

Sambúð þeirra Þorsteins og Hólmfríðar var hin bezta, enda þótt þeim auðnaðist ekki að eignast erfingja. Ekki var þó aldurinn til boga konunni. En að sögn skírði almenningur þetta á þá lund, að Mera-Gvendur hefði átt sök á því, hvernig komið var í þessu efni. Þau Þorsteinn og Hólmfríður lifðu saman í níttján ár. Þá andaðist hann, en hún varð fjörgömul og átti heimili á Bakka í full fjórtíu ár.

Hér segir gjör frá Þorsteini ríka.

Svo sem áður segir, fékk Þorsteinn allmikið fé með síðari konu sinni, þótt það væri aðeins smáræði á móts við þann auð, er hann átti sjálfur fyrir. Börn hennar virðast hafa átt föðurarf sinn inni í búi hennar. En um svipað leyti og hún gekk að eiga Þorstein, var þannig frá þessum málum gengið, að Margrét og Þórarinn fengu umráð Oddsstaða og Núpsskötlu og að sjálfsögðu hefur Sigríði verið ætlaður hlutur til jafns við þau. Hlutur Hólmfríðar hefur þá verið búpeningurinn, svo og búslóð mikil, þótt eitthvað af þessum eignum muni hafa lent til Margrétar, er hún fór að búa á Oddsstöðum.

En Þorsteinn var ekki á flæðiskeri staddur. Hann bjó stórbúi, og fóru eignir hans vaxandi með ári hverju. En því miður liggja ekki fyrir glöggar upplýsingar um búskap hans á þessum árum. Hins vegar er til á prenti ágæt lýsing af honum sjálfum, er Sveinn Skúlason alþingismaður birti í blaði sínu Norðra. Sveinn var sem kunnugt er, pennafær maður í bezta lagi. Lýsingin af því, er hann heimsækir Þorstein, er svo greinargóð og bráðskemmtileg, að eigi verður komizt hjá því að birta hana hér.

Sveinn var á ferð um kjördæmi sitt, Norður-Þingeyjarsýslu, sumarið 1860, þar sem hann var þingmaður í 10 ár. Hann kom að vestan og hélt austur, og gisti síðustu nóttina sem hann var í kjördæminu, að Ytri-Brekku, hjá Jóni hreppstjóra Benjamínssyni, mætum manni og fjölfróðum. Næsta morgun lagði Sveinn á Brekknaheiði, en á henni eru sýslumörkin, og þar fékk hann húðarrigningu. Bærinn Fell stendur austan undir heiðinni, og þar bjó þá Magnús sonur Þorsteins ríka. Hlýtur Sveinn að hafa heimsótt hann, þótt hann geti þess ekki sérstaklega. En hann segir, að þeir bræður, synir Þorsteins ríka, hafi fylgt sér austur Ströndina og alla leið að Bakka. Mætti skilja þetta svo, sem Magnús hafi fylgt Sveini austur í Miðfjörð og Þorsteinn tekið þar við honum og fylgt honum alla leið austur í Bakka. Þegar hann kom þar í hlaðið, byrjar hann að lýsa Þorsteini ríka og er frásögn hans á þessa leið :

"Þorsteinn gamli kemur út og tekur mér hið bezta. Hann er meðalmaður á hæð, en digrari og feitari en nokkur stórkaupmaður, sem sögið hefur merg úr Íslendingum allan sinn aldur. En þó að hann sé nú feitur og hniginn að aldri, er hann hinn léttasti á fæti og fjörlegur og ern sem ungur væri og hinn glaðlyndasti. Enda má hann vera ánægður með kjör sín hér á jörðinni, því að hann var bláfátækur maður að upphafi, en er nú einhver auðugasti bóndi á Íslandi, á margar jarðir og góðar og ærna peninga á leigustöðum. - Þorsteinn er ættaður og uppallinn í Eyjafirði. Græddi hann fyrst peninga í vinnumennsku og lausamennsku og hélt vel á fé sínu. Hann fór snemma með kaup og sölur og var hinn hyggjasti og heppnasti í því sem öðru. Og oft heyrir maður hann segja: "Ég hefði getað orðið allgóður kaupmaður," og það ætla ég sé hverju orði sannara. - Þorsteinn missti konu sína fyrir nokkrum árum. Og af því að börn hans voru uppkomin,¹ skipti hann þeim út móðurarfi í jörðum og lausafé. Finnst það mjög á, að honum hefur þótt nokkuð fyrir að láta af hendi umráð svo mikils fjár. En hann kvæntist aftur og fékk efnaða og góða konu. Mun hagur hans nú standa með jafnmiklum

¹Það er rangt, að börn Þorsteins væru uppkomin, er hann missti fyrri konu sína, því elzti sonurinn, Þorsteinn, var þá aðeins 13 ára, en Þorbjörg rúmlega árgömul. En skiptin mun hann hafa látið fara fram vegna þess, að hann hefur talið of ábyrgðarmikið að sitja í óskiptu búi með svo mikinn auð.

blóma og fyrir skiptin. Synir hans, Magnús og Þorsteinn, búa á stórum og góðum jörðum, er þeir eiga sjálfir, og er Þorsteinn yngri að ætlan minni efni í mikinn bónda. Þriðji sonur hans er Bjarni, borgari á Raufarhöfn, sem varði móðurarfi sínum til að byrja verzlun og sagður er hinn mesti gróðamaður. Fjórði bróðirinn, Sigurður, gerðist hákarlaformaður og átti part í skipi. Var hann hinn efnilegasti maður og mjög vel látinn, en hann fórst með skipshöfn sinni, í hitteð fyrra að mig minnir.² Dóttur sína, sem er hin fríðasta og góðmannlegasta kona, hafði Þorsteinn nýlega gift frænda sínum, jarðyrkjumanni, Metúsalem Magnússyni, ættuðum úr Þingeyjarsýslu, sem er efnilegur maður og vel að sér ger.

Það er engin furða, þó að menn, sem þannig hafa aflað með framsýni sinni mikils fjár, finni til þess og hafi hugann við það. Og svo er hér á Bakka. Varla er um annað talað en peninga, jarðir, skuldabréf og veð, skuldakröfur, peningavinning og peningatap. Og í öllu þessu lýsti sér, hve vel Þorsteinn var inni í öllu þessu og hve hyggilega honum fórust orð um það. Oftast mátti það heyra, að Þorsteinn mundi allharður skuldheimtumaður, þar sem þær guldust ekki rétt eftir skildögum. En konan vildi hvívetna miðla málum og vera mild, og fórst henni það mjög vel. Sanngjarn maður ætla ég Þorsteinn sé þó ætíð, og frá mörgu hef ég heyrt sagt um hann, er lýsir réttisýni hans og þrautgæðum. Hann er hinn mesti bjargvættur í sveit sinni, og hinn mesti fjöldi leitar til hans að fá bjargræði handa sér og skepnum sínum. Hjálpar hann einatt, þó að hann sé óviss um að fá það nokkurn tíma endurgoldið." Fleira segir séra Sveinn Skúlason ekki um Þorstein ríka, og um aðrar heimildir er ekki kunnugt. Er því hér á eftir hægt að fara fljótt yfir sögu. Samkvæmt frásögn Sveins hefur hann að vonum haft hugann mjög svo bundinn við hinn jarðneska auð sinn, enda virðist hann þá enn vera stálhraustur og léttur í spori sem ungur maður. Því mun hvorki honum sjálfur né öðrum hafa komið til hugar, að dauðinn væri á næsta leiti, svo að ólíklegt er, að hann hafi búið sig mikið undir hann. En samt fór það nú svo, að hann lifði aðeins rúmt ár, eftir að Sveinn heimsótti hann. Hefur þar vafalaust verið um hjartabilun að ræða, sem oft ber við um feita menn.

Þeim stóreignum, sem komu fram eftir dauða hans, var skipt lögum samkvæmt á milli barna hans. En ekkja hans fékk helminginn, svo sem vera bar. Eru það munnmæli, að hún hafi fengið nokkuð í sinn hlut af skuldabréfum, sem hún hafi innheimt mjög vægilega, þegar fátækir áttu í hlut. - Þegar Þorsteinn andaðist, var Þórarinn stjúpsonur hans kvæntur fyrir þremur árum og farinn að búa á nokkrum hluta jarðarinnar, en eignaðist síðar helming hennar. En Hólmsfríður bjó áfram á jörðinni í nokkur ár eða til 1870. Þá seldi hún sinn hluta, en dvaldist þar þó til dauðadags. Hún andaðist hinn 8. des. 1882 og var þá nákvæmlega 84 ára að aldri.

(Heimild: Sagnaþættir, II.bindi, seinni hluti, bls.161-182, 188-191 og 198-202.)

Frásögn þessi af Þorsteini ríka, og hér örlítið stytta, er rituð af Benjamín Sigvaldasyni og birtist í Sagnaþáttum hans sem út voru gefnir árið 1951 af Iðunnarútgáfunni

² Hann fórst árinu áður.